

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Súðavíkurhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag hafnar- og iðnaðarsvæðis inn af Langeyri í Súðavík.

Deiliskipulagið felur í sér heimild til að byggja kalkþörungaverksmiðju á svæðinu þar sem unnið er allt að 120.000 m³ af kalkþörungaseti á ári. Gert er ráð fyrir 230.000 m³ landfyllingu á allt að 38.000 m² svæði og 80 m löngum viðlegukanti. Á svæðinu verður rými fyrir hráefnislón, setlón, rými fyrir allt að 9.000 m² verksmiðjuhús, 1.400 m² grófgeymslu og 400 m² skrifstofu- og starfsmannahús.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Súðavík, 4. ágúst 2020.

Jóhann Birkir Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 18. ágúst 2020